

# 1.Fundur íþróttá- og tómsundaneftnd Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri miðvikudaginn 3. september 2014 og hófst kl 9:00

**Mætt eru:** Almar Marinósson, Aneta Potrykus, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Valgerður Sæmundsdóttir og Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerðina.

Valgerður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

## 1. Kosning ritara.

Ólína kosin ritari, samþykkt samhljóða.

## 2. Hlutverk nefndarinnar.

Fjallað um hlutverk nefndarinnar.

Umræða; rætt hvort umræðir húsnæði Grunnskólans á Bakkafirði eða starf hans. Fá það á hreint.

Rætt hvornig ætti að boða til funda í ÍTN, lagt til að fundarboð kæmi í tölvupósti og einnig yrði gerður Facebook hópur. Samþykkt samhljóða.

Samkvæmt lögum á nefndin að funda lágmark 8 sinnum á ári, en venjan er að það sé fundað þegar upp koma erindi. Ákveðið var að funda alltaf fyrsta miðvikudag í mánuði, og senda út fundarboð með tveggja sólarhringa fyrirvara. Samþykkt samhljóða. Ef nefndarmenn komast ekki verða þeir sjálfir að boða sína varamenn.

Allir nefndarmenn búnir að kynna sér hlutverk nefndarinnar, og mun nefndir starfa samkvæmt erindisbréfi íþróttá og tómsundaneftndar Langanesbyggðar.

## 3. Kosning varaformanns.

Valgerður lagði til að Sólveig Sveinbjörnsdóttir yrði kosin varaformaður og var það samþykkt samhljóða.

## 4. Félögin sem tilheyrja þessari nefnd, fá yfirlit frá hverju félagi um starf þeirra fram að áramótum.

Valgerður lagði til viðburðadagatal, þ.e. yfirlit yfir alla viðburði í Langanesbyggð til að koma í veg fyrir árekstra við aðra viðburði sem er óheppilegt í litlu samfélagi. Ákveðið að kalla eftir óformlegu yfirliti um viðburði frá UMFL, TTT, Skátunum, Ungliðadeild Hafliða, Svartholinu og Snæfaxes. Rætt hvort tómsundir eldri borgara ætti ekki að heyra undir ÍTN.

Almar kom með þá hugmynd að félög í Langanesbyggð myndu kynna sitt starf, hafa þá kynningarfund t.d. í Þórsveri. Ákveðið að Valgerður ræði þetta við sveitastjóra og skrifstofustjóra Langanesbyggðar.

## 5. Íþróttahúsið Ver, t.d. tillögur til að efla aðsókn í húsið.

Margir möguleikar, nefnd telur að auka þurfi aðsókn og tekjur hússins. Mjög mikilvægt að allir greiði fyrir notkunina samkvæmt gjaldskrá, og tekið sé af greiddum kortum. Einnig að fara reglulega t.d. á hverjum mánudegi yfir öll kort og taka út þau sem eru ógild, þ.e. þriggja mánaðakort, árskort o.s.frv.

Rætt hvort mætti aðgreina lyftingar og þolþjálfun, þ.e hvort mætti nýta annað rými fyrir lyftingarnar.

Einnig lagt til að opna Verið kl. 6.45. Þá opið bæði í sal og sund og hafa heitt kaffi á könnunni. Mikið af fólki sem vill mæta í sund fyrir vinnu á morgnana.

Rætt um reglulega aukna afþreyingu, t.d. þegar boðið var upp á borðtennis í sal þá mætti alveg nýr kúnnahópur. Bíósund og bátasund vakti mikla lukku.

Opnunartími hússins einnig ræddur.

Sundlaugin opnar kl. 16 virka daga og þá er oft einn starfsmaður. Samkvæmt lögum þurfa að vera tveir starfsmenn. Lagt til að sveitastjórn fjalli um málið.

Nýju pottarnir ræddir, fólk á í erfiðleikum með að komast ofan í og upp úr pottunum. Nefnd telur að þessir pottar séu ekki við hæfi í íþróttamiðstöð sem á að vera fyrir alla.

#### **6. Svarholinu bætt á dagskrá.**

Ákveðið að fá Ásdísi á fund og ræða þessi mál.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 10.45